Eldisstöðin Ísþór ehf.
Nesbraut 25
815 - Þorlákshöfn

Skoðunarskýrsla #5288
Eftirfylgniskoðun
FE-1162

Eftirlit framkvæmt 29/07/2026 og skýrsla send 29/07/2026
Ísþór

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgnieftirlit á tímabilinu 8. júní til 29. júlí 2026 vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026 vegna eftirlits í eldisstöð Ísþórs, Þorlákshöfn sem fram fór þann 29. janúar 2026. Eftirlitsþega var veittu frestur til úrbóta til 16. mars 2026 vegna frávika í eftirlitsskýrslunni.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum frá eftirlitsþega og voru þau yfirfarin á skrifstofu stofnunarinnar.

Eftir yfirferð gagna er ljóst að eitt frávik hefur verið lagfært, eitt alvarlegt frávik fer úr því að vera alvarlegt yfir í frávik og enn eru til staðar sex alvarleg frávik. Úrbætur eftirlitsþega eru því ófullnægjandi.

Matvælastofnun gerir þær kröfur að úrbótum á alvarlegum frávikum og frávikum verði lokið fyrir 27. ágúst 2026. Stofnunin mun framkvæma eftirfylgnieftirlit að þeim tíma loknum.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun	27/08/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni	**Lagfært**
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	27/08/2026
Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	27/08/2026

Viðstödd heimsókn	Eldisstöðin Ísþór hf.	**Undirbúningur**	1 klst.
Kennitala viðtakenda	660509-0380	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Jónína Guðmundsdóttir	**Tímar við úttekt**	2 klst. og 30 mín.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	0 klst.

Lagfært

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Eldisbúnaður og fiskheldni

Eina rist vantaði í niðurfall á gólfi í húsi a og b. Samkvæmt starfsmanni eftirlitsþega hefur gleymst að setja ristina í við þrif. Þá lágu a.m.k. 20 dauð seyði frá fyrri kynslóð á gólfi í húsi b. Matvælastofnun telur því að ekki hafi verið farið eftir verklagi um þrif hvorki varðandi það að setja ristar aftur í eftir þrif né að þrífa á milli kynslóða.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Gæðahandbók

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Ekki var hægt að fá heildstætt yfirlit yfir þau atriði sem eru til staðar í gæðahandbók eftirlitsþega en slíkt er nauðsynlegt í þeim tilgangi að sannreyna m.a. að farið sé yfir allt efni gæðahandbókar á árlegum fundi og sannprófun eftirlitsþega nái til allra kafla gæðahandbókar.

Starfslýsing stöðvarstjóra fyrir eldisstöðina er ekki fullnægjandi. Í henni er talað um stöðvarstjóra annarrar eldisstöðvar en Ísþórs.

Verklag um þjálfun starfsfólks er ófullnægjandi. Nýliðaþjálfun uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til þjálfunar starfsmanna skv. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Í fyrrnefndri verklagsreglu um þjálfun starfsfólks er ekki tilgreind öll sú þjálfun sem kröfur eru um í viðauka III í reglugerðinni. Þar kemur fram að með nýliðaþjálfun skuli starfsmenn fá þjálfun í eftirfarandi atriðum:

a. Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.

b. Viðbrögð við stroki.

c. Meðhöndlun eiturefna þegar það á við.

d. Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Í verklagsreglu eftirlitsþega um þjálfun kemur fram að innan þriggja mánaða frá upphafi starfs skuli starfsmaður taka námskeið í eftirfarandi röð í Blue Planet Academy: meðhöndlun efna, forvarnir slysasleppinga og grunnnámskeið í heilsu, öryggi og umhverfi. Í 50. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að rekstrarleyfishafi skal tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim. Jafnframt skal nýjum starfsmönnum kynnt gæðakerfi eldisstöðvar og þær verklagsreglur sem farið er eftir við stjórnun í eldisstöðinni. Samkvæmt verklagsreglu eftirlitsþega fá starfsmenn ekki þá lágmarksþjálfun sem þeim ber samkvæmt reglugerðinni áður en þeir hefja störf.

Ekki kemur fram hvaða þjálfun þarf að viðhalda að lokinni nýliðaþjálfun og tíðni þeirrar þjálfunar.

Verklagsreglan gildir frá 8. maí 2024 og átti að fara í endurskoðun þann 16. október 2025. Því er ljóst að komið er að endurskoðun.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun óskaði eftir því að fá heildstætt yfirlit yfir alla kafla gæðahandbókar. Eftirlitsþegi sendi skjal sem ber heitið Ísþór gæðahandbók.pdf og er á ensku. Matvælastofnun telur umrætt skjal ekki gefa fullnægjandi yfirlit yfir alla kafla gæðahandbókar. Um er að ræða upptalningu á að því er virðist handahófskenndum verklags og viðbragðsáætlunum sem ekki eru endilega á sama stað. Þá virðist vanta einhverjar verklagsreglur, t.d. um þjálfun starfsmanna. Matvælastofnun getur ekki undir nokkrum kringumstæðum stuðst við það yfirlit sem eftirlitsþegi sendi þegar kemur að því að staðfesta hvort eftirlitsþegi hafi farið yfir efni gæðahandbókar á árlegum fundi eða í sannprófun sinni. Úrbætur hafa því ekki átt sér stað hvað varðar þennan þátt.

Starfslýsingar eru fullnægjandi.

Verklagsregla um þjálfun er ófullnægjandi. Enn er vísað til þess að þjálfun skuli fara fram innan þriggja mánaða frá upphafi starfs með því að taka námskeið skv. Blue Planet Academy Stefnunni. Þar undir fellur þjálfun í vörnum og viðbrögðum við stroki. Í 50. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 kemur fram að rekstrarleyfishafi skal tryggja að áður en starfsmenn hefja störf í fiskeldisstöð fái þeir þjálfun í að hindra strok og öðlist þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef strok eiga sér stað og hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski sem sleppur úr eldisstöð og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim. Skýr krafa er því um að þjálfun í vörnum og viðbrögðum við stroki skuli fara fram áður en starfsmaður hefur störf en ekki innan þriggja mánaða eins og verklagsregla eftirlitsþega um þjálfun kveður á um. Úrbætur hafa því ekki átt sér stað hvað varðar þennan þátt.

Í verklagsreglu um þjálfun og Bue Planet Academy stefnunni er ekki að finna neina þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif eins og skylt er skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Í ljósi framangreinds hafa fullnægjandi úrbætur á alvarlegu fráviki ekki átt sér stað og alvarlegt frávik stendur því enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Þjálfun starfsmanna

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Á meðan eftirliti stóð óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá sendar með tölvupósti fyrir 30. janúar þjálfunarskrár fyrir alla starfsmenn eldisstöðvarinnar. Engin gögn bárust Matvælastofnun og því ekki hægt að staðfesta að nýliðaþjálfun hafi verið fullnægjandi. Í ljósi þessa er skráð alvarlegt frávik í eftirlitsskýrslu þessa.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Við eftirfylgnieftirlit bárust þjálfunarskrár 10 starfsmanna .

Við yfirferð á þjálfunarskrám þessara 10 starfsmanna er ljóst að nýliðaþjálfun er ófullnægjandi þar sem starfsmenn hafa ekki lokið þjálfun í grunnþáttum sem lög um fiskeldi nr. 71/2008 og viðauki III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 gerir kröfur um í nýliðaþjálfun. Fimm starfsmann hafa ekki hlotið kynningu á gæðastjórnunarkerfi og verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem er krafa um að gera áður en starfsmenn hefja störf sbr. sbr. 1. mgr. 50. gr. og viðauka III í fyrrnefndri reglugerð.

Í ljósi framangreinds stendur áfram alvarlegt frávik þar sem þjálfun starfsmanna, þar með talið nýliðaþjálfun, er verulega ábótavant.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Þjálfunarskrá starfsmanna

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Á meðan eftirliti stóð óskuð eftirlitsmenn eftir því að fá sendar með tölvupósti fyrir 30. janúar þjálfunarskrár fyrir alla starfsmenn eldisstöðvarinnar. Engin gögn bárust Matvælastofnun og því er skráð alvarlegt frávik.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Við eftirfylgnieftirlit bárust þjálfunarskrár 10 starfsmanna en samkvæmt upplýsingum frá stöðvarstjóra þegar eftirlitið fór fram starfa 11 starfsmenn í eldisstöðinni.

Við yfirferð á þjálfunarskrám þessara 10 starfsmanna er ljóst að enginn þeirra hefur lokið allri þeirri þjálfun sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um sem lágmarksþjálfun starfsmanna sjókvíaeldisstöðva. Enginn starfsmannanna hefur fengið þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif og þjálfun sex starfsmanna er ábótavant hvað varðar aðra þjálfunarþætti einn eða fleiri.

Í ljósi framangreinds stendur áfram alvarlegt frávik vegna þjálfunarskrár þar sem þjálfun starfsmanna er verulega ábótavant.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Verklagsreglur

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær verklagsreglur sem giltu um fiskeldisstöðina. Af því yfirliti og þeim verklagsreglum sem eftirlitsmönnum var sýndar var ekki hægt að fullyrða að þær giltu um þessa eldisstöð enda voru þær merktar öðrum eldisstöðvum. Þá voru þær verklagsreglur sem eftirlitsmönnum voru sýndar í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins.

Verklagsregla um meðhöndlun á dauðfisk og meltugerð á ekki við um þessa tilteknu eldisstöð. Þar er talað um dauðfiskaháfa en slíkur búnaður er ekki til staðar í eldisstöðinni. Ekki er fjallað um sótthreinsun háfa sem notaðir eru við að taka sveimara. Þá er ekki tilgreint hvernig fötur og kör skulu merktar. Flokkun er ekki tilgreind í lið 10 í verklagsreglunni. Matvælastofnun telur ljóst að eftirlitsþegi fari ekki að öllu leiti eftir framangreindri verklagsreglu. Engar merkingar voru til staðar á körum sem dauðfiskur var settur í.

Í verklagsreglu um hreinlæti við inngöngu í framleiðslusvæði (Hygiene Procedure for Entering Production Areas) kemur fram að starfsmenn eigi að nota handsótthreinsir og stíga í sótthreinsifótabað áður en þeir stíga inn í framleiðslusvæðið. Þegar eftirlitsmenn gengu um eftirlitsstöðina voru ekki til staðar nein fótaböð þegar gengið var út úr aðstöðurýmum inn í framleiðslurými. Þá voru handsótthreinsir búin víða. Matvælastofnun telur ljóst að eftirlitsþegi fari ekki að öllu leiti eftir framangreindri verklagsreglu.

Verklagsregla um flokkun seiða í stöð er ófullnægjandi. Ekki kemur fram hver er ábyrgðaraðili og skortur er á lýsingu framkvæmdar verksins og viðbragða komi til frávika.

Verklagsregla um flutning á fisk (internal tank transport of the fish) er ófullnægjandi. Í verklagsregluna vantar viðbrögð við frávikum t.d. ef barki rofnar eða þrýstingur við dælingu verður of mikill eða lítill.

Í verklagsreglu um bólusetningu vantar að tilgreina gæðaeftirlit með bólusetningunni. Samkvæmt upplýsingum eftirlitsþega er það framkvæmt en ekki haldið utan um það.

Matvælastofnun telur að ekki hafi verið farið eftir verklagi um þrif hvorki varðandi það að setja ristar aftur í eftir þrif né að þrífa á milli kynslóða en a.m.k. 20 seiði frá eldri kynslóð lágu dauð á gólfi í húsi b.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Eftirlitsþegi sendi inn verklagsreglu um meðhöndlun á dauðfisk og meltugerð FW. Við yfirferð Matvælastofnunar er ljóst að hér um

ósamþykkt gæðaskjal að ræða sem ekki hefur tekið gildi. Í umrædda verklagsreglu vantar að tilgreina þá litakóðun á fötum fyrir affallasöfnun sem eftirlitsþegi lýsir í úrbótaáætlun þeirri sem hann sendi Matvælastofnun. Þá er ekkert fjallað um hvernig sótthreinsa og þrífa á háfa og annan búnað sem nota á við vinnu á milli svæða og eftir vinnu.

Frávik varðandi sótthreinsifótaböð og handsótthreinsi hefur verið lagfært.

Matvælastofnun óskaði eftir verklagsreglu um flokkun seiða í stöð og flutning á fisk. Verklagsregla um flokkun seiða barst ekki (Grading).

Verklagsregla um flutning á fisk (internal tank transport of the fish) er einungis á ensku en ekki íslensku. Stjórnsýslumálið er íslenska og fer Matvælastofnun fram á að öll gögn gæðahandbókar séu á íslensku.

Í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026 var frávik vegna verklagsreglu um bólusetningu þar sem ekki var lýst hvernig gæðaeftirlit með bólusetningu færi fram. Í úrbótaáætlun eftirlitsþega sem send var Matvælastofnun stendur hvað varðar þetta atriði:

„Starfsmenn Ísþórs, sem hluti af þeirra innra daglegu eftirliti, fylgjast með hvort verið sé að stinga á rétta staði seiða við bólusetningu og fylgjast með að fiskur vakni eftir bólusetningu o.s.frv. Starfsmenn Ísþórs eru með eyðublað þar sem meðal annars er skráð hvar stungið er. Sjá útfyllt eyðublað sent inn með þessari úrbótaáætlun.“

Matvælastofnun telur út frá framangreindu að full ástæða sé fyrir hendi að eftirlitsþegi hafi til staðar verklagsreglu um gæðaeftirlit með bólusetningu og fer fram á það við eftirlitsþega að hann útbúi slíkt þar sem lýst er hvernig slíkt eftirlit fer fram og aðrir þættir sem eiga að vera til staðar í verklagsreglum.

Í ljósi alls framangreinds telur Matvælastofnun úrbótum ekki lokið og því stendur alvarlegt frávik áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Innra eftirlit

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Í verklagsreglu um innra eftirlit er ábyrgð á verkefnum er ekki rétt skilgreind. Starfsmenn sem sinna t.d. daglegum skráningum eiga ekki að framkvæma innra eftirlit á því hvort slíkt sé gert. Þá vantar inn í verklagsregluna tímamörk hvenær innra eftirlitið skuli framkvæmd, t.d. einu sinni í mánuði, vikulega o.s.frv.

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn Matvælastofnunar eftir því að fá staðfestingar á skráningu innra eftirlits. Ekki var hægt að framvísa slíkri skráningu og lítur Matvælastofnun svo á að skráning sé því ekki til staðar.

Matvælastofnun telur ljóst að ekki sé farið eftir verklagsreglum eftirlitsþega í öllum tilfellum þegar verið er að sinna þeim störfum sem eldið krefst, þ.m.t. varðandi þrif á gólfum, smitvarnir o.fl. Þetta eru atriði sem innra eftirlit ætti að varpa ljósi á að sé ábótavant í starfsemi eldisstöðvarinnar.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Við eftirfylgnieftirlit kallaði Matvælastofnun eftir verklagsregla um innra eftirlit eins og eftirlitsþega ber að hafa skv. 47. og 48. og viðauka III reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020.

Í 1. mgr. 47. gr. fyrrnefndrar reglugerðar kemur fram að rekstrarleyfishafi skuli í innra eftirliti tryggja að haft sé daglegt eftirlit með eldisfiski svo framarlega að aðstæður leyfi. Þá á innra eftirlit að tryggja að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla eða rekstrarleyfis rekstrarleyfi. Hlutverk innra eftirlits er því m.a. að staðfesta að daglegar skráningar séu framkvæmdar og aðrir þeir þættir sem lýst er í framangreindum reglugerðarákvæðum. Þannig hefur einn ábyrgðaraðili það hlutverk að yfirfara að aðrir einstaklingar sinni hlutverki sínu skv. verklagsreglum. Innra eftirlit ber að skrá sérstaklega að hafi verið framkvæmt sem og öll fráviki og úrbætur. Samkvæmt 3. mgr. 47. gr. sömu reglugerðar skal rekstrarleyfishafi sannprófa að eftirlit og úrbætur séu í samræmi við reglur um innra eftirlit.

Í verklagsreglunni sem eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun, Innra eftirlit seiðaeldisstöðva-Internal control of smolt stations, er ekki tilgreindur einn ábyrgðaraðili sem fer yfir að allar þær skráningar sem á að framkvæma skv. verklaginu, hversu oft viðkomandi aðili framkvæmir það eftirlit og hvar og hvernig það er skráð.

Matvælastofnun óskaði jafnframt eftir skrá/staðfestingu á innra eftirliti frá 1. mars 2026. Stofnuninni bárust gögn sem að því sem virðist vera skráningar á eftirliti vaktmanna en ekki yfirferð á að daglegum skráningum hafi verið sinnt. Af framangreindu telur Matvælastofnun ekki vera til staðar virkt innra eftirlit.

Í ljósi framangreinds telur Matvælastofnun að úrbætur hafi ekki átt sér stað og alvarlegt frávik stendur áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Sannprófun

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir að fá afrit af síðustu sannprófun sem framkvæmd var fyrir eldisstöðina útprentaða. Það skjal sem

eftirlitsmönnum var afhent er einungis skráning í gátlista frá síðustu sannprófun en ekki sannprófunarskýrslan sjálf né úrbótaáætlun á grundvelli þeirra frávika sem skráð voru í sannprófuninni. Af gögnunum er heldur ekki hægt að sjá að í sannprófunarhópnum hafi verið aðili sem var óháður þeim þáttum sem verið var að sannprófa, að sannprófunin nái yfir alla kafla gæðahandbókarinnar eins og krafa er um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá er heldur ekki að sjá af gátlistanum að sannprófunin hafi náð yfir alla þá þætti sem eftirlitsþegi tilgreinir í verklagsreglu um sannprófun.

Samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 ber að sannprófa að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir strok eða önnur alvarleg óhöpp og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Matvælastofnun telur að ástæða hafi verið til frekari sannprófana en þá sem árleg sannprófun nær yfir, t.d. massadauða.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir verklagsreglu um sannprófun, sannprófun fyrir árið 2025 og öðrum sannprófunum sem hafa verið framkvæmdar frá 1. janúar 2025 til 8. apríl 2026.

Eftirlitsþegi sendi einungis verklagsreglu um sannprófun. Af yfirferð yfir verklagsregluna má sjá að gæðastjóri er formaður sannprófunarráðs og að ráðið, sem er einnig skipað fleiri aðilum, skipi aðila sem fer með sannprófanir og skuli sá aðili vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni.

Í úrbótaáætlun eftirlitsþega kemur eftirfarandi fram varðandi úrbætur á alvarlegu fráviki um sannprófun:

„Arnarlax framkvæmir árlega innri úttekt, skv. innri staðli sem ber heitið Arnarlax standard, þar sem farið er yfir spurningalista sem inniheldur um 150 skoðunaratriði út frá þeim kröfum og stöðlum sem Arnarlax vinnur eftir. Verklagsreglur og viðbragðsáætlanir eru endurskoðaðar árlega þ.e. á þeim tíma sem verklag eða viðbragðsáætlun kemur á endurskoðunartíma og getur það verið mismunandi tími eftir því hvaða verklagsreglu eða viðbragðsáætlun um ræðir. Árið 2026 verður Arnarlax standard endurskoðaður í heild sinni þar sem auknar kröfur hafa bæst við og má nefna að staðallinn var uppfærður m.t.t. til aukinna krafna um smitvarnir haustið 2025. Gæðastjóri sem hefur yfirsýn með gæðamálum fyrirtækisins framkvæmir innri úttekt og er litið svo á að hann sé óháður aðili þar sem hann kemur ekki að daglegum verkefnum stöðvarinnar.“

Matvælastofnun getur ekki fallist á að gæðastjóri sé óháður aðili þar sem hlutverk sannprófunar er ekki einungis að fara yfir innra eftirlit eldisstöðvarinnar heldur einnig hvor þörf sé að að breyta verklags og viðbragðsáætlanir stöðvarinnar sem gæðastjóri hefur sjálfur útbúið. Stofnunin bendir einnig á að með framangreindum útskýringum í úrbótaáætlun sé verið að fara gegn eigin verklagi eftirlitsþega um sannprófun.

Í ljósi framangreinds sem og af þeirri ástæðu að sannprófun ársins 2025 og aðrar sannprófanir sem Matvælastofnun óskaði eftir bárust ekki stendur alvarlegt frávik enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Ekki er til staðar yfirlit yfir fiskeldisstöð þar sem fram koma frárennslislagnir og niðurföll.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun óskaði eftir að fá sent yfirlit yfir fiskeldisstöð. Engin gögn bárust.

Í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026 veitti Matvælastofnun eftirlitsþega frest til 16. mars til þess að ljúka úrbótum á alvarlegum frávikum og frávikum sem komu fram í eftirlitsskýrslunni. Eftirlitsþegi óskaði ekki eftir lengri frest til stofnunarinnar.

Í gögnum sem eftirlitsþegi sendi stofnunni er að finna úrbótaáætlun eftirlitsþega. Þar kemur fram undir lið 8 yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi:

„Til eru upprunalegar teikningar frá árinu 1985-1986. Síðan þá hafa margar breytingar átt sér stað og þarf að láta teikna upp á nýtt yfirlitsmynd með frárennslislögnum og niðurföllum inni í stöðinni.

Lok úrbóta: 30.09.2026“

Þar sem yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöð barst ekki og út frá ályktunum af framangreindum sjálfsettum úrbótafresti eftirlitsþega er því ljóst að úrbótum er ekki lokið og frávik stendur því áfram.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit
Viðbragðsáætlanir

Frestur til úrbóta: 27/08/2026

Alvarlegt frávik skráð í eftirlitsskýrslu dags. 4. febrúar 2026:

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær viðbragðsáætlanir sem giltu um fiskeldisstöðina. Af því yfirliti er ljóst að stór hluti af því sem skráð eru viðbragðsáætlanir eru verklagsreglur. Þá er ekki hægt að fullyrða að þær viðbragðsáætlanir sem

eftirlitsmönnum var sýndar giltu um þessa eldisstöð enda voru þær merktar öðrum eldisstöðvum. Þá voru þær í flestum tilfellum of almennar og vantaði upp á nánari lýsingu á framkvæmd þeirra, viðmið og fjölda starfsmanna sem þarf til verksins.

Í viðbragðsáætlun um strok þarf að uppfæra netfang Matvælastofnunar í fiskeldi@mast.is. Í viðbragðsáætlunina kemur fram að hefja skuli veiðar eftir að Fiskistofu hafi verið tilkynnt um strokið. Fyrsta viðbragð á ávallt að vera að koma í veg fyrir að frekara strok verði og hefja veiðar á fiski eins fljótt og mögulegt er, því næst skal tilkynna Fiskistofu. Ekki kemur fram hvar net sem nota á við eru geymd eða hvernig á að nota þau. Þá er tilgreint í viðbragðsáætlunin að til notast skuli við fjórar tegundir af netum komi til stroks en í eldisstöðinni voru einungis til staðar þrjár tegundir af netum.

Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 ber rekstrarleyfishafa tilkynna ber um strok til næstu veiðifélaga en í viðbragðsáætlunin eru þau ekki tilgreind. Umrædd viðbragðsáætlun gildir fyrir þrjár eldisstöðvar og er í mörgum liðum sem eiga við mismunandi eldisstöðvar og getur verið ruglingslegt að lesa úr þeim.

Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar er ófullnægjandi. Einungis er um að ræða viðbragðsáætlun sem er tvíþætt, annars vegar vegna langrar rekstrarstöðvunar og hins vegar skyndilegrar rekstrarstöðvunar. Ekki er til staðar viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar eins og kröfur eru um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, sbr. viðauki III. Í viðbragðsáætluninni er viðbrögðum ekki nægjanlega lýst, þá sérstaklega um þætti sem snúa að velferð og fóðrun fisks. Þá er ekki lýst hver tekur meltu eða hvernig henni skuli safnað sama. Ekki er þörf á að hafa samráð við yfirdýralækni Matvælastofnunar við gerð áætlunar um förgun á fisk. Slíkt samráð á að vera við sérgreinadýralækni fisksjúkdóma.

Viðbragðsáætlun vegna neyðarslátrunar er of almenn og miðast bæði við sjó- og landeldi. Ekki er þörf á að hafa beri samráð við yfirdýralækni, sbr. lið 2.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir viðbragðsáætlun um strok, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlunar vegna neyðarslátrunar.

Úrbætur á viðbragðsáætlun um stork og neyðarslátrun eru fullnægjandi.

Við yfirferð Matvælastofnunar á viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar er ljóst að hér um ósamþykkt gæðaskjal að ræða sem ekki hefur tekið gildi. Úrbætur á viðbragðsáætlunin eru ófullnægjandi og vísar Matvælastofnun til texta hér að ofan varðandi þau atriði sem þarf að lagfæra.

Í ljósi þess að úrbætur hafa átt sér stað í meirihluta þeirra atriða sem alvarlega frávikið laut að fer það úr því að vera alvarlegt yfir í frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 29/07/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 29/07/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 8 skoðunaratriðum, þar af 6 alvarleg frávik og 2 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Eldisbúnaður og fiskheldni

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Gæðahandbók

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfun starfsmanna

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Verklagsreglur

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Innra eftirlit

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Sannprófun

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Landeldi yfir 20 tonnum - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir